

Umhverfis- og auðlindastefna í Hafnarfirði

27. feb '17

Skólar og leikskólar

Það var sendur póstur á alla skóla og leikskólastjórnendur ásamt forstöðumönnum allra sambýla þar sem var spurt um tvennt :

- Hafa allar stofnanir bæjarins sett sér umhverfisstefnu á grundvelli umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar ?
- Vinna allar stofnanir bæjarins eftir framkvæmdaáætlun um flokkun sorps ?

Nánast allir leikskólarnir vinna eftir sinni eigin umhverfisstefnu og gera það flestir mjög vel. Leikskólastjóranir eru flestir að gera meira heldur en er ætlast til að þeim, eins og t.d. að flokka meira og fara jafnvel með það á móttöku/grenndarstöðvar á eigin bílum.

Umhverfis og auðlindastefnan virðist ekki hafa verið nægjanlega kynnt öllum og margir vissu ekki af henni. Það þyrfti að kynna hana fyrir öllum helstu stjórnendum og í leiðinni farið yfir hvað er ætlast til af þeim m.t.t. stefnunnar.

Framkvæmdaráætlun um flokkun sorps er að flokka pappa frá öllu öðru. Þetta hefur verið gert í öllum stofnunum frá því 2009. Stofnanirnar standa sig misvel en leikskólarnir eru nánast allir að gera meira heldur en þeir þurfa.

Virðingarfyllt,

Ishmael David